



Innra mat

Sjálfsmatsskýrsla
Skólaárið 2015-2016

Sauðárkrókur, 19.september

Þorkell V. Þorsteinsson, aðstoðarskólameistari
Guðbjörg Ósk Valgarðsdóttir, kennari
Matthildur Kemp, fulltrúi nemenda
Ásdís Ýr Arnardóttir, verkefnisstjóri innra mats

Efnisyfirlit

Um skólann.....	3
Þáttaka í þróunarverkefnum	4
Samstarf við grunnskóla	5
Nýjungar í skólastarfinu.....	6
Matsþættir í FNV	7
Matsáætlun 2014-2019	7
Framkvæmd.....	8
Niðurstöður matsþátta.....	10
Áfangakönnun	10
Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar.....	12
Nemendur og nám: Nemendakönnun	13
Nemendur og nám: Foreldrakönnun.....	14
Nemendur og nám: Könnun meðal vistarbúa	14
Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar.....	15
Stoðþjónusta- og önnur þjónusta (ekki til skoðunar skólaárið 2015-2016).....	17
Stjórnun (ekki til skoðunar 2015-2016).....	17
Starfsfólk og starfsumhverfi	18
Aðbúnaður starfsfólks	19
Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar.....	19
Kennsla og önnur störf kennara (ekki til skoðunar 2015-2016).....	20
Umbótaáætlun	20
Lokaorð.....	21
Heimildir	Error! Bookmark not defined.

Um skólann

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra var stofnaður árið 1979 og settur í fyrsta sinn 22. september sama ár, þá undir heitinu Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki. Fram að þeim tíma hafði verið starfræktur Iðnskóli á Sauðárkróki frá 1946 og framhaldsdeild við Gagnfræðaskólann á Sauðárkróki frá 1977. Stofnendur skólans voru sveitarfélög á Norðurlandi vestra ásamt ríkissjóði.

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra er á Sauðárkróki með starfsstöðvar þar, á Blönduósi, Hvammstanga og á Hólmavík. Nemendur skólans voru 541 á haustönn 2015 og 536 á vorönn 2016 og fjölgaði frá fyrra ári (H14 510 nem., V16 539 nem.). Námsframboð skólans er fjölbreytt og eru ólíkar námsbrautir í boði við skólann. Frá hausti 2015 var boðið upp á nám samkvæmt nýrri námskrá og því er að einhverju leyti meiri breidd í brautaskiptingu. Boðið er upp á hefðbundnar bóknámsbrautir til stúdenspófs, styttri starfsnámsbrautir, iðn- og verknám ásamt starfsbraut. Nemendafjöldi dreifist svo:

FNV: Skipting nemenda eftir brautum 2015-H					
Braut	Skammst.	KK	KVK	Alls	%:
Almennt nám	AN	10	9	19	3,5
Dreifnám	BLÖ/HÓV/HVT	23	20	43	7,9
Félagsfræðibraut - "gamla"	FÉ	19	33	52	9,6
Félagsvísindabraut - ný	FÉL	1	10	11	2,0
Fiskvinnslubraut	FI	8	9	17	3,1
Fjarnám	FN	38	89	127	23,5
Fjölgreinabraut - ný	FJÖ	2	6	8	1,5
Grunnskólanemar	10.bek	19	23	42	7,8
Hagfræðibraut - ný	HAG	1	2	3	0,6
Hestabraut - ný	HES	1	11	12	2,2
Íþróttabraut - ný	ÍPT	3	1	4	0,7
Málabraut	MB	1	2	3	0,6
Náttúrufræðibraut - "gamla"	NÁ	14	27	41	7,6
Náttúrufræðibraut - ný	NÁT	13	7	20	3,7
Nýsköpunar- og tæknibraut	NÝT	7	10	17	3,1
Rafiðn	GR/RK9	15	1	16	3,0
Sjúkraliðabraut	SJ	0	1	1	0,2
Starfsbraut	ST4	6	7	13	2,4
Tréiðn	GBM/HÚ8/HS8	27	6	33	6,1
Vélvirkjun / Vélstjórn	BV8/MG/VS8/VVA/VVB	31	3	34	6,3
Viðsk- og hagfræðibraut - "gamla"	VH	12	13	25	4,6
	Samtals:	251	290	541	100,0

Tæplega fjórðungur nemenda við skólann stundar fjarnám, talsvert fleiri konur en karlar (89 konur á móti 38 körlum). Að öðru leyti eru kynjahlutföll nokkuð jöfn, um 53% konur og 47% karlar.

Við skólann störfuðu 59 starfsmenn á haustönn 2015 í 49 stöðugildum, þar af 43 við kennslu í 36,5 stöðugildum. Á vorönn störfuðu 62 starfsmenn við skólann í 49,5 stöðugildi, þar af 46 við kennslu í 37 stöðugildum. Kennarar og stjórnendur við skólann hafa ýmist háskólamenntun eða iðnmeistararéttindi auk kennsluréttinda.

Skólameistari er Ingileif Oddsdóttir og aðstoðarskólameistari Þorkell V. Þorsteinsson.

Búseta nemenda

Skólinn er framhaldsskóli með áfangakerfi sem þjónar nemendum fyrst og fremst af Norðurlandi vestra, tæplega 75% nemenda eru búsettir á Norðurlandi vestra og þar af eru flestir búsettir á Sauðárkróki. Reknar eru dreifnámsstöðvar á Blönduósi, á Hvammstanga og á Hólmavík og hefur nemendum fjölgað nokkuð á þessum svæðum, sér í lagi í Austur- Húnavatnssýslu og á Vestfjörðum. Búseta nemenda dreifist annars svo:

Svæði:	1996	2000	2005	2010	2015
(Gömlu kjördæmin)	haust	haust	haust	haust	haust
Reykjavík	4	5	9	20	22
Reykjanes	5	5	6	10	24
Vesturland	5	5	5	6	17
Vestfirðir	10	3	6	4	19
Norðurland v.	424	417	380	346	395
V-Húnavatnss.	44	25	30	23	39
A-Húnavatnss.	60	62	55	43	80
Skagafj. án Skr.	78	84	68	76	62
Sauðárkrókur	175	204	217	190	212
Siglufjörður	67	42	10	14	2
Norðurland e.	5	4	5	13	25
Austurland	4	1	3	4	20
Suðurland	0	1	2	7	12
Útlönd	-	-	-	-	7
Alls:	457	441	416	410	541

Þáttaka í þróunarverkefnum

Skólinn er þátttakandi í Nordplus Junior verkefni sem miðar að því að auka hreyfanleika nemenda milli Norðurlanda. Viðfangsefni verkefnins er skapandi námsumhverfi 21.aldarinnar. Þáttökulöndin eru Eistland, Finland, Svíþjóð, Danmörk og Ísland.

Comeniusaráfangi ACDC (Active Concern Dynamic Change) 2012-2014 er áfangi settur upp til skemmri tíma í FNV í kringum samstarfsverkefni sem styrkt er af Menntaáætlun Evrópusambandsins.

Verkefnið er skólasamstarf fimm Evrópuþjóða eða Íslands, Finnlands, Slóvakíu, Ungverjalands og Tyrklands. Nemendur frá þessum löndum heimsækja hverjir aðra í skólaheimsóknum og dvelja á heimilum hvers annars í vikutíma í hverri ferð, þar sem þeir kynnst landi og þjóð. Vatn er kjarnviðfangsefni áfangans og er vatnið tengt við eitt meginviðfangsefni í hverri heimsókn. Vinna nemendur í kringum þetta viðfangsefni á önninni og afrakstur vinnu sinnar kynna þeir svo á ensku, en enska er opinbert tungumál verkefnisins. Markmið áfangans er m.a. að víkka menningarlegt sjónarhorn nemenda og ekki síður að þeir læri að starfa skipulega í hópum og vinna sameiginlega að lausn verkefna. Þá læra þeir að útbúa kynningar og framsögu á erlendu tungumáli sem eflir sjálfstraust þeirra, auk þess sem þeir læra skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð við upplýsingaöflun. Lögð er áhersla á krefjandi námsþætti sem leggja góðan grunn að áframhaldandi námi og starfi í framtíðinni. Verkefnið byggir á fjórum skólaheimsóknum erlendis.

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra fékk styrk úr Sóknaráætlun landshluta SSNV til að vinna markvisst að auknum raungreinaáhuga. Markmið verkefnisins **Menntun og atvinna - efling raungreina** var að auka áhuga nemenda á raungreinum og sýna þeim dæmi um möguleika á störfum á Norðurlandi vestra. Annað markmið var að fjölga nemendum á raungreinabrautum í FNV.

Þær leiðir sem voru farnar til að ná markmiðum í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir voru:

- a) Nemendur unnu að lausnum raunhæfra verkefna í samstarfi við fyrirtæki eða stofnanir.
- b) Nemendur fóru í námsferðir til fyrirtækja/stofnana sem kynntu starfsemi sína.
- c) Nemendur fengu fyrirlestra um vísindi.
- d) Kennarar unnu að gerð verkefna þar sem notuð eru dæmi úr nærumhverfi, einkum frá fyrirtækjum og stofnunum á Norðurlandi vestra. Þessi verkefni munu einnig nýtast í framtíðinni.

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra er Heilsueflandi framhaldsskóli. Hugmyndafræðin byggist á því að forvarnir eru víðtækar og jákvæðar með það að markmiði að stuðla að vellíðan og auknum árangri allra í skólasamfélaginu.

Samstarf við grunnskóla

Talsvert samstarf er við grunnskóla á Norðurlandi vestra. Boðið var upp á kynningar í skólum og nemendum grunnskóla boðið í heimsókn í FNV. Öllum grunnskólanemum í 9. bekk á Norðurlandi vestra býðst til að taka áfangann Iðnkynning fyrir grunnskólanema (IKG). Um er að ræða helgarnám þar sem nemendur kynnst þeim iðngreinum sem kenndar eru við skólann. Allir sem ljúka IKG fá tvær einingar í vali kjósi þeir að halda áfram námi í FNV.

Auk þessa býðst þeim grunnskólanemum sem lokið hafa viðmiðum grunnskólans að sækja einingabært nám við FNV í fjarnámi. Alls voru 63 grunnskólanemar skráðir nemendur skólans á haustönn og 94 á vorönn.

Nýjungar í skólastarfinu

Skólaárið 2015-2016 var í fyrsta sinn kennt eftir nýrri skólanámskrá og breyttu einingakerfi samhliða eldra kerfi. Námsbrautir skólans skv. nýrri skólanámskrá heita nú:


- Félagsvísindabraut
- Fjölgreinabraut
- Hagfræðibraut
- Hestabraut (í staðfestingarferli)
- Hestaliðabraut (í staðfestingarferli)
- Íþróttá- og tómstundabraut
- Kvikmyndabraut
- Meistaránám
- Námsbraut fyrir slátrara
- Námsbraut í plastbátasmíði (í staðfestingarferli)
- Náttúruvísindabraut
- Nýsköpunar- og tæknibraut
- Plasttæknibraut (í staðfestingarferli)
- Starfsbraut

Námsbrautir skv. eldri skólanámskrá eru:

- Grunnám bygginga- og mannvirkjagreina (GBM)
- Húsasmíði (HÚ8)
- Húsgagnasmíði (HS8)
- Grunnám málmíðngreina (MG)
- Vélvirkjun (VS8)
- Bifvélavirkjun (BV8)
- Grunnám rafiðna (GR)
- Rafvirkjun (RK9)
- Hársnyrtiiðn (HG8)
- Vélstjórnarbraut A
- Vélstjórnarbraut B
- Sjúkraliðabraut

Matsþættir í FNV

Val á matsþáttum ræðst af eðli starfsins. Til hliðsjónar voru höfð m.a. lög um framhaldsskóla, aðalnámskrá framhaldsskóla, skólanámskrá og skólasamningur FNV við ráðuneyti mennta- og menningarmála. Matsþættir í innra mati FNV eru **A)** kennsla og önnur störf kennara, **B)** stjórnun **C)** stoðþjónusta önnur þjónusta, **D)** nemendur og nám og **E)** starfsfólk og starfsumhverfi. Tilviljun ræður röð á matsþáttum.



Matsáætlun 2014-2019

Haust 2014	Vor 2015	Haust 2015	Vor 2016
Áfangakönnun: Félagsvísindi <ul style="list-style-type: none"> nemendur 	Áfangakönnun: Raungreinar <ul style="list-style-type: none"> nemendur 	Áfangakönnun: Tungumál <ul style="list-style-type: none"> nemendur 	Áfangakönnun: Verknám <ul style="list-style-type: none"> nemendur
Stjórnun <ul style="list-style-type: none"> starfsfólk kennarar 	Stoðþjónusta og önnur þjónusta <ul style="list-style-type: none"> nemendur foreldrar 	Starfsfólk og starfsumhverfi <ul style="list-style-type: none"> starfsfólk kennarar Kennsla og önnur störf kennara <ul style="list-style-type: none"> kennarar 	Nemendur og nám <ul style="list-style-type: none"> nemendur foreldrar
Haust 2016	Vor 2017	Haust 2018	Vor 2019
Áfangakönnun: Félagsvísindi <ul style="list-style-type: none"> nemendur 	Áfangakönnun: Raungreinar <ul style="list-style-type: none"> nemendur 	Áfangakönnun: Tungumál <ul style="list-style-type: none"> nemendur 	Áfangakönnun: Verknám <ul style="list-style-type: none"> nemendur
Stjórnun <ul style="list-style-type: none"> starfsfólk kennarar 	Stoðþjónusta og önnur þjónusta <ul style="list-style-type: none"> nemendur foreldrar 	Starfsfólk og starfsumhverfi <ul style="list-style-type: none"> starfsfólk kennarar Kennsla og önnur störf kennara <ul style="list-style-type: none"> kennarar 	Nemendur og nám <ul style="list-style-type: none"> nemendur foreldrar

Framkvæmd

Innra mat við FNV er að mestu unnið af teymi um innra mat. Lagðar eru fyrir kannanir samkvæmt matsáætlun og skoðuð fyrirbyggjandi gögn ef við á s.s. niðurstöður úr rannsókninni *Ungt fólk og framhaldsskólinn*, tölur frá Hagstofu Íslands og tölur úr upplýsingakerfi Innu. Fyrstu umferð matsferlis er nú lokið og mun næsta skólaár marka upphaf annarar umferðar.

Á skólaárinu 2015-2016 voru lagar fyrir eftifarandi kannanir:

Áfangakönnun á haustönn 2015. Könnunin var lögð fyrir vikuna eftir miðannarmat. Þátttakendur í áfangakönnun voru 144 og var könnunin lögð fyrir í kennslustundum þar sem fulltrúar sjálfsmatsteymis sáu um framkvæmdina. Niðurstöður áfangakönnunar eru kyngreindar en þátttakendur voru 38% karlar og 62% konur. Flestir búa í foreldrahúsum (80%), tíund nemenda býr í eigin húsnæði og á heimavist. Meirihluti nemenda er í dagskóla eða 66% og 34% í dreifnámi. 57% aðspurðra eru nýnemar. Samkvæmt matsáætlun voru tungumálagreinar skoðaðar sérstaklega að þessu sinni. Þeir áfangar sem voru til skoðunar eru: DAN202, ENKS1UN05, ENSK2OT05, ENS303, ENS403, ÍSLE1HF05, ÍSLE2MB05, ÍSL403, ÍSL503, SPÆN1AG05 og ÞÝSK1P05

Áfangakönnun vorönn 2016. Könnunin var lögð fyrir vikuna eftir miðannarmat. Þátttakendur í áfangakönnun voru 138 og var könnunin lögð fyrir í kennslustundum þar sem fulltrúar sjálfsmatsteymis sáu um framkvæmdina. Niðurstöður áfangakönnunar eru kyngreindar en þátttakendur voru 66% karlar og 34% konur. Flestir búa í foreldrahúsum (67%), 19% á heimavist og 14% í eigin húsnæði. Mikill meirihluti nemenda er í dagskóla eða 92% og 7% í dreifnámi, 1% nemenda var í fjarnámi. 57% aðspurðra voru nýnemar (hófu nám á vorönn). Samkvæmt matsáætlun voru verknámsáfangar skoðaðir sérstaklega sem og áfangar nýrra kennara. Þeir áfangar sem voru til skoðunar eru: DAN212, DANSLS05, EFM103, FRL203, LÍFFE05, NÝSK1TR05, PLV102, RAM602, RLT202, SJÓN2F05, STÆR1IB05, TRÉ1091, TTÖ102 og VST 204.

Nemendur og nám: Nemendakönnun vorönn 2015. Tengill var sendur til nemenda í tölvupósti samfara áfangakönnun og þátttaka ítrekuð tvisvar. Alls tóku 111 nemendur þátt í könnunni, 41% karlar og 59% konur. Rúmlega helmingur þátttakenda býr í foreldrahúsum, rúmlega þriðjungur á eigin vegum og tíund á heimavist. Stærstur hluti nemenda er í dagskóla (53%), því næst blöndu af dagskóla og fjarnámi (12%), 12% nemenda eru í dreifnámi og 5% í blöndu af dreifnámi og fjarnámi. 18% nemenda eru eingöngu í fjarnámi við skólann. Meirihluti nemenda er á bóknámsbraut eða 43%, 8% á almennri braut, 33% á iðn- eða starfsnámsbraut. 12% nemenda eru á annarri braut og 6% vita ekki á hvaða braut þeir eru skráðir. Tæplega helmingur þátttakenda, 45% eru nýnemar.

Nemendur og nám: Foreldrakönnun vöronn 2015 var lögð fyrir í í apríl 2016. Tengill á könnun var sendur til foreldra allra nemenda yngri en 18 ára með tölvupósti. Send var ítrekun tvisvar til foreldra. Þátttakendur voru 72 (32% svarhlutfall). Konur eru í miklum meirihluta svarenda, eða 73% á móti 27% karla. Flestir foreldrar búa í Skagafirði eða 67%, um 15% í A- Húnavatnssýslu, 11% í Húnaþingi vestra, enginn í Strandasýslu og 7% annars staðar. Meirihluti nemenda er í dagskóla (80%), nemendur í dreifnámi eru 11% og um 7% ýmist í fjarnámi eða blöndu af fjar- og dreifnámi eða fjarnámi og dagskóla. Meginþorri barna

svarenda er fæddur á árinu 1999 (65%) en um þriðjungur árið 1998 og rétt rúmlega 3% árið 1997. Tæplega helmingur nemenda er á bóknámsbraut til stúdentsprófs (43%), 26% á almennri braut, 18% á iðn- eða starfsnámsbraut og 12% á annari braut eða foreldri veit ekki á hvaða námsbraut nemandinn er.

Starfsfólk og starfsumhverfi: Haust 2015. Þátttakendur í starfsmannakönnun voru 42 og er svarhlutfall 71%. Tengill á könnun sendur til starfsmanna skóla með tölvupósti. Niðurstöður starfsmannakönnunar eru kyngreindar en þátttakendur voru 44% karlar og 56% konur. Flestir starfa við kennslu, 68% á móti 32% við önnur störf. Til að tryggja persónuvernd eru niðurstöður ekki flokkaðar frekar eftir starfi og kyni við skólann samtímis. Í framhaldi var lögð fyrir könnun meðal starfsmanna um aðbúnað og starfsskilyrði í apríl 2016.

Könnun um aðbúnað starfsfólks. Framhaldskönnun frá hausti 2015. Þáttkendur voru 59 og svarhlutfall 54%. Rúmlega helmingur eða 59% starfa við kennslu en 41% sinna öðrum störfum við skólann.

Könnun meðal vistarbúa. Könnun var lögð fyrir sem framhald af niðurstöðum innra mats skólaárið 2014-2015. Markmið könnuninnar var að varpa ljósi á hugmyndir vistarbúa um líf á heimavistinni. Tengill á könnun var sendur í tölvupósti til 39 þátttakenda 3. nóvember og var könnunin opin til 10. desember, ítrekun var send tvisvar tímabilinu. Í einhverjum tilvikum var netfang foreldra skráð og voru þeir þá beðnir um að ítreka könnunina við nemendur. Svarhlutfall var 46%. Kynjahlutföll eru nokkuð jöfn eða 8 konur á móti 10 körlum. Flestir eru fæddir árið 1997 (39%), 33% fæddir 1999 en nokkrir fæddir 1998, 1996 eða fyrr. Rúmlega 10% nemenda eru á starfsbraut, tveir þriðju eru á bóknámsbraut til stúdentsprófs og tæplega þriðjungur er á iðnnámsbraut.

Niðurstöður matsþátta

Hér á eftir er greint frá niðurstöðum matsþátta fyrir viðkomandi skólaár.

Áfangakönnun

Niðurstöður haustönn 2015

Niðurstöður eru flokkaðar eftir þáttunum Ytra skipulag áfanga, Kennslustofan og Námsefni

Ytra skipulag áfanga	Já		Nei		Veit ekki	
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK
Áfanginn virðist vera vel skipulagður	72%	71%	19%	15%	9%	14%
Kennslustundin er ávallt vel undirbúin	70%	67%	13%	15%	17%	18%
Yfirferð kennarans er hæfileg og jöfn	69%	55%	12%	31%	9%	14%
Kennsla er í samræmi við kennsluáætlun	67%	69%	13%	2%	20%	29%
Kennarinn er stundvís	96%	100%	10%			
Moodle síða áfangans er gagnleg	69%	69%	20%	15%	11%	16%
Fyrirmæli kennara eru ávallt skýr og áheyrileg	61%	53%	26%	38%	13%	9%
Kennarinn setur nemendum fyrir heimavinnu	75%	69%	23%	26%	2%	5%
Kennarinn bauð upp á viðtal eftir miðannarmat	35%	32%	35%	33%	30%	35%
Kennslustofan	Já		Nei		Veit ekki	
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK
Kennarinn notar fjölbreyttar kennsluáðferðir	61%	47%	39%	53%		
Kennarinn virkjar nemendur til starfa í kennslustundum	72%	73%	15%	27%		
Kennarinn kemur námsefninu vel til skila	72%	65%	28%	35%		
Kennarinn bregst vel við spurningum/athugasemdum nemenda	78%	83%	22%	17%		
Samskipti kennara og nemenda eru almennt góð	72%	76%	15%	24%		
Kennarinn virðist kunna sitt fag	81%	92%	6%	1%	13%	7%
Námsefni	Já		Nei		Veit ekki	
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK
Verkefni áfangans eru lærdómsrík	77%	84%	23%	14%		
Verkefni áfangans eru áhugaverð	51%	51%	49%	49%		
Verkefni áfangans eru einföld	68%	43%	32%	57%		
Námsefni áfangans er einfalt og auðskilið	51%	36%	19%	39%	30%	25%
Ég mun líklegast fá hærra einkunn en 7 í þessum áfanga	45%	56%	55%	44%		

Niðurstöður vorönn 2015

Ytra skipulag áfanga	Já		Nei		Veit ekki	
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK
Áfanginn virðist vera vel skipulagður	92%	59%	3%	31%	4%	9%
Kennslustundin er ávallt vel undirbúin	80%	56%	4%	25%	16%	19%
Yfirferð kennarans er hæfileg og jöfn	90%	50%	6%	34%	4%	16%
Kennsla er í samræmi við kennsluáætlun	83%	83%	2%	22%	14%	28%
Kennarinn er stundvís	95%	88%	1%	6%	3%	6%
Moodle síða áfangans er gagnleg	58%	53%	13%	13%	28%	34%
Fyrirmæli kennara eru ávallt skýr og áheyrileg	84%	44%	12%	41%	3%	16%
Kennarinn setur nemendum fyrir heimavinnu	53%	59%	36%	28%	11%	13%
Kennarinn bauð upp á viðtal eftir miðannarmat	26%	0%	31%	78%	43%	22%
Kennslustofan	Já		Nei		Veit ekki	
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK
Kennarinn notar fjölbreyttar kennsluáferðir	83%	44%	17%	56%		
Kennarinn virkjar nemendur til starfa í kennslustundum	90%	56%	10%	44%		
Kennarinn kemur námsefninu vel til skila	93%	47%	7%	53%		
Kennarinn bregst vel við spurningum/athugasemdum nemenda	90%	88%	10%	13%		
Samskipti kennara og nemenda eru almennt góð	92%	88%	8%	13%		
Kennarinn virðist kunna sitt fag	91%	63%	3%	22%	6%	16%
Námsefni	Já		Nei		Veit ekki	
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK
Verkefni áfangans eru lærdómsrík	92%	75%	8%	25%		
Verkefni áfangans eru áhugaverð	83%	53%	17%	47%		
Verkefni áfangans eru einföld	64%	28%	36%	72%		
Námsefni áfangans er einfalt og auðskilið	67%	29%	21%	52%	10%	19%
Ég mun líklegast fá hærri einkunn en 7 í þessum áfanga	80%	50%	18%	50%		

Samanburður H15 og V16

Niðurstöður eru flokkaðar eftir þáttunum Ytra skipulag áfanga, Kennslustofan og Námsefni

Ytra skipulag áfanga	Já		Nei		Veit ekki	
	H15	V16	H15	V16	H15	V16
Áfanginn virðist vera vel skipulagður	72%	85%	16%	8%	12%	7%
Kennslustundin er ávallt vel undirbúin	69%	80%	14%	5%	17%	15%
Yfirferð kennarans er hæfileg og jöfn	61%	79%	27%	12%	12%	9%
Kennsla er í samræmi við kennsluáætlun	68%	80%	6%	3%	26%	17%
Kennarinn er stundvís	99%	96%	1%	1%	-	3%
Moodle síða áfangans er gagnleg	68%	60%	18%	15%	14%	26%
Fyrirmæli kennara eru ávallt skýr og áheyrileg	56%	80%	34%	14%	15%	6%
Kennarinn setur nemendum fyrir heimavinnu	72%	58%	24%	34%	3%	9%
Kennarinn bauð upp á viðtal eftir miðannarmat	33%	23%	33%	37%	34%	40%
Kennslustofan	Já		Nei		Veit ekki	
	H15	V16	H15	V16	H15	V16
Kennarinn notar fjölbreyttar kennsluáðferðir	51%	77%	49%	23%		
Kennarinn virkjar nemendur til starfa í kennslustundum	72%	88%	28%	12%		
Kennarinn kemur námsefninu vel til skila	67%	88%	33%	12%		
Kennarinn bregst vel við spurningum/athugasemdum nemenda	80%	90%	20%	10%		
Samskipti kennara og nemenda eru almennt góð	74%	91%	26%	9%		
Kennarinn virðist kunna sitt fag	88%	87%	3%	6%	10%	7%
Námsefni	Já		Nei		Veit ekki	
	H15	V16	H15	V15	H15	V16
Verkefni áfangans eru lærdómsrík	80%	85%	20%	15%		
Verkefni áfangans eru áhugaverð	51%	77%	49%	23%		
Verkefni áfangans eru einföld	52%	60%	48%	40%		
Námsefni áfangans er einfalt og auðskilið	42%	58%	31%	26%	27%	16%
Ég mun líklegast fá hærri einkunn en 7 í þessum áfanga	51%	75%	49%	25%		

Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar

Niðurstöður áfangakönnunar eru mjög ólíkar á milli anna. Á haustönn var lögð áhersla á tungumál en á vorönn var áherslan á raungreinar og greinar nýrra kennara. Sé litið á heildaniðurstöður má sjá að styrkleikar liggja fyrst og fremst í stundvísi kennara, viðmóti kennara við spurningum og athugasemdum til nemenda, þekkingu kennara á faginu sem og tilraunum þeirra til að gera verkefni lærdómsrík. Veikleikar hins vegar birtast í því að of stór hluti nemenda telur Moodle síðu áfanga ekki lærdómsríka eða veit ekki hvort hún sé lærdómsrík, nemendur telja verkefni gjarnan ekki einföld né heldur að námsefni áfanga sé einfalt og auðskilið.

Sé litið eingöngu til haustannar og tungumálaáfanga liggja veikleikar víðar, þarf þarf að bæta ytra skipulag áfanga og þá sérstaklega hvað varðar fyrirmæli kennara og yfirferð hans á námsefni. Innan kennslustofunnar liggja veikleikar í fábreyttum kennsluáðferðum, kennarinn virðist ekki ná að virkja nemendur nægjanlega sem og að koma efninu til skila. Að síðustu birtast ákveðnir veikleikar við áhugahvetjandi námsefni sem og verkefni.

Kennarar setja nemendum almennt ekki fyrir heimavinnu eða bjóða upp á viðtal við miðannarmat.

Nemendur og nám: Nemendakönnun

Matsspurning	Viðmið
Hvernig líður nemendum í skólanum?	A.m.k. 90% líði vel eða mjög vel.
Hvernig er námsárangur nemenda?	Að samræmi sé milli ástundunar og námsárangurs.
Hversu vel sinna nemendur heimavinnu?	Meðalheimavinna í 3 eininga bóknámsáfanga sé meiri en 2 klst.
Hversu vel standa nemendur sig í kennslustundum?	A.m.k. 75% nemenda og 75% kennara telji að nemendur standi sig vel.
Hversu góð er skólasókn?	Að 95% nemenda standist kröfur skólans um skólasókn
Hversu góð þátttaka er í félagslífi í skólanum?	Að 75% nemenda taki virkan þátt
Hversu öryggir eru nemendur í skólanum?	A.m.k. 95% telji að öryggi sitt sé tryggt.

Niðurstöður flokkaðar eftir þáttunum nám nemenda, félagslíf, líðan, áhættuhegðun og öryggi

Nám nemenda	Já		Nei		Samtala	
	KK	KVK	KK	KVK	Já	Nei
Ég finn nám við hæfi í FNV	95%	96%	5%	6%	94%	6%
Ég er ánægð/ur með að geta lokið hluta námsefnis um miðja önn	93%	100%	7%	-	97%	3%
Mér gengur vel í skólanum	86%	83%	14%	17%	84%	16%
Til að ná góðum einkunnum þarf ég ekki að læra heima, nema fyrir próf	37%	25%	63%	75%	31%	69%
Ég nota eyður í stundatöflu til að ljúka verkefnum	36%	61%	64%	39%	51%	49%
Ég á í samskiptum við aðra nemendur í kennslustund með sms, Facebook, Snapchat, Instragram eða Twitter *	33%	66%	67%	34%	53%	47%
Ég er með lesblindu, athyglisbrest eða annað sem veldur mér erfiðleikum í námi	42%	45%	58%	55%	45%	55%
Félagslíf	Já		Nei		Já	Nei
Félags- og tómstundastarf í skólanum er gott	78%	83%	23%	17%	80%	20%
Ég tek virkan þátt í félags- og tómstundastarfi skólans	30%	57%	70%	43%	46%	54%
Líðan	Já		Nei		Já	Nei
Mér líður vel í skólanum	95%	83%	5%	17%	88%	12%
Ég kvíði því að mæta í skólann á morgnana	5%	30%	95%	70%	20%	80%
Ég er einmana í skólanum	12%	25%	88%	75%	20%	80%
Ég er kvíðin/n fyrir próf sem veldur mér talsverðri vanlíðan	19%	62%	81%	38%	45%	55%
Áhættuhegðun	Já		Nei		Já	Nei
Hefur þú s.l. 2 mánuðum drukkið áfengi?	45%	44%	7%	13%	45%	10%
Hefur þú s.l. 2 mánuðum notað önnur vímunefni en áfengi	14%	3%	20%	24%	7%	25%
Reykir þú daglega?	5%	2%	95%	98%	3%	97%
Spilar þú tölvuleiki að staðaldri	42%	3%	58%	97%	21%	81%

Tölvuleikir hafa bitnað á skólasókn eða heimanámi á þessari önn	1%	3%	98%	97%	3%	97%
Öryggi	Já		Nei		Já	Nei
	KK	KVK	KK	KVK		
Ég verð fyrir áreitni og/eða fæ ekki að vera í friði í skólanum eða á heimavist	5%	2%	95%	98%	3%	97%
Ég hef orðið fyrir einelti í þessum skóla	4%	3%	96%	97%	4%	96%
Vel er hugað að öryggi nemenda í skólahúsnæðinu	88%	86%	12%	14%	87%	13%

Nemendur og nám: Foreldrakönnun

Námið	Já		Nei		Já	Nei
	KK	KVK	KK	KVK		
Ertu sátt/ur við námsrángur barnsins þíns í vetur?	100%	98%	0%	2%	86%	14%
Telur þú að gerðar séu of litlar námskröfur til nemenda?	0%	5%	100%	95%	86%	14%
Fylgist þú með námsrángri barnsins þíns?	94%	93%	6%	7%	99%	1%
Fylgist þú með heimasíðu FNV, Facebook eða tilkynningum úr Innu?	82%	95%	18%	5%	70%	30%
Þekkir þú til skólanámsskrár FNV?	39%	50%	61%	50%	47%	53%
Vilt þú taka meiri þátt í skólastarfi FNV (m.a. með aðkomu að gerð skólanámsskrár)?	6%	2%	94%	98%	14%	86%

Nemendur og nám: Könnun meðal vistarbúa

Fullyrðing	Já	Nei
Heimavist er snyrtileg	94%	6%
Nettenging á heimavist er góð	78%	22%
Mötuneyti heimavistar er gott	39%	61%
Matur í mötuneyti heimavistar er hollur	53%	47%
Matur í mötuneyti heimavistar er bragðgóður	28%	72%
Matur í mötuneyti heimavistar er fjölbreyttur	47%	53%
Matseðill mötuneytis heimavistar er girnilegur	50%	50%

Nemendur voru beðnir um að lýsa heimavist FNV í þremur setningum. Svör nemenda voru greind og flokkuð eftir þeim. Nemendur lýsa heimavist sem svo:

Nemendur telja heimavist FNV rólega og snyrtilega heimavist, með góðum herbergjum og almennt góðri aðstöðu þó einhverjir telji kalt á heimavistinni. Samfélag vistarbúa er fámenn en góðmennt, íbúar eru skemmtilegir og góður félagsskapur en þó mætti félaglífið á vistinni vera meira. Upplifun flestra nemenda af vistinni er að hún sé róleg, þægileg og heimilisleg. Nemendur lýsa yfir mikilli ánægju með vistarstjóra, hún er frábær, mjög góð, æðisleg og skemmtileg. Nokkrir vistarbúa kvarta undan stífum reglum en aðrir óska eftir því að það sé tekið harðar á reglubrotum hvað varðar t.d. tónlist eftir kl. 22.00 á kvöldin. Helst örlar á neikvæðni hjá nemendum hvað varðar mötuneyti en sumir nemendur telja matinn ýmist vera allt í lagi, óhollan eða vondan.

Nemendur voru beðnir um að lýsa mötuneyti heimavistar í þremur setningum. Svör nemenda voru greind og flokkuð eftir þeimum. Nemendur lýsa mötuneyti heimavistar sem svo:

Greinilegt er að skiptar skoðanir eru um mötuneytið. Annars vegar telja nemendur mötuneytið fínt og ekkert við það að athuga. Hins vegar telja nemendur að ekki sé lagður metnaður í að útbúa matinn. Kvartað er yfir því að matur sé almennt ekki bragðgóður, fiskur slepjulegur og kjötið þurrt ásamt því að meðlæti (t.d. pasta er oft kalt). Hvað varðar einstakar máltíðir þá óska nemendur eftir því að fá hafragraut í morgunmat og matarmeiri kvöldmat vegna æfinga sem margir stunda á kvöldin. Auk þessa óska nemendur einnig eftir því að fá einstaka sinnum „sjoppufæði“. Jafnframt óska þau eftir því að hafa meira framboð af ávöxtum.

Nemendur voru beðnir um að segja frá venjulegum degi á vistinni ásamt því að segja frá samskiptum við aðra vistarbúa. Nánast allir fylgja sama dagskipulagi, þeir fara í skólann og koma aftur á vistina og bíða eftir kvöldmat. Einstaka sinnum heimsækja þau vini eða fá vini í heimsókn. Nokkur samgangur virðist vera á milli herbergja og sumir fá gesti í næturheimsókn.

Að síðustu voru nemendur beðnir um að koma með tillögur að því hvernig væri hægt að búa til heimilslegt andrúmsloft á heimavistinni og bæta heimavistina. Nokkrar mjög góðar ábendingar bárust.

- Að vistarbúar geri eitthvað saman, til dæmis baki smákökur saman („svona til að fá þessa heimatilfinningu“)
- Vera meira með Gógó
- Fá gossjálfsalana aftur
- Horfa á sjónvarpið saman frammi eða bara spjalla
- Hafa ótakmarkaðan útivistartíma
- Hjálpa nemendum að gera herbergin persónulegri, með til dæmis myndum og þannig
- Halda spila – og videokvöld
- Fylgja betur eftir reglum um hávaða og ónæði af öðrum íbúum

Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar

Styrkleikar liggja víða meðal nemenda. Nánast allir telja sig geta fundið nám við hæfi í skólanum og að sama skapi telja flestir að sér gangi vel og eru ánægðir með að geta lokið hluta námsefnis um miðja önn. Langflestir nemendur telja félags- og tólmundastarf skólans gott en tæplega helmingur tekur virkan þátt sem endurspeglar að einhverju leyti dreifða aldursamsetningu í nemendahópnum. Almennt líður nemendum vel í skólanum. Áhættuhegðun, önnur en áfengisneysla, er mjög fátíð í skólanum. Tæplega helmingur drekkur ekki áfengi (45%), af þeim nemendum sem búa á heimavist eru 60% sem ekki drekka áfengi. 70% nemenda nota ekki önnur vímuefni en áfengi, enginn nemandi á heimavist hafði s.l. 2 mánuði notað önnur vímuefni en áfengi og 90% þeirra segjast ekki nota önnur vímuefni en áfengi. Nemendur telja sig mjög örugga í skólanum og almennt sé vel hugað að öryggi þeirra. Einelti er mjög fátítt.

Foreldrar eru almennt mjög ánægðir með starf skólans, þeir eru sáttir við námsárangur barnsins síns og telja hæfilegar námskröfur séu gerðar og langflestir fylgjast með námsárangri sinna barna sem og tilkynningum úr Innu, heimasíðu FNV og Innu.

Veikleikar liggja fyrst og fremst í tölum um neikvæða líðan nemenda, sér í lagi stelpna sem kvíða prófum það mikið að það veldur þeim vanlíðan. Tölur um líðan voru keyrðar saman við búsetu á heimavist. Of stór hluti stúlkna að sama skapi kvíðir því að mæta til skóla á hverjum morgni. Um 27% nemenda sem búa á heimavist, af þeim sem svara, kvíða því að mæta í skólann á morgnana og um tveir þriðju stúlkna kvíða prófum það mikið að það veldur þeim vanlíðan. Tæplega helmingur nemenada hafði á þeim tíma er könnunin var framkvæmd drukkið áfengi s.l. tvo mánuði. Athygli vekur að um þriðjungur nemenda telur sig ekki þurfa að læra heima til að ná góðum einkunnum og um rúmlega helmingur nemenda á í samskiptum við aðra nemendur í kennslustund með samfélagsmiðlum þrátt fyrir bann við slíku athæfi. Meirihluti nemenda í dreifnámi (54%) er í samskiptum við aðra nemendur í kennslustund með sms, Facebook, Snapchat, Instagram eða Twitter. Tæplega helmingur nemenda á við námserfiðleika að stríða á borð við athyglisbrest, lesblindu eða annað sem veldur þeim vanda í náminu. Tæplega helmingur foreldra þekkir ekki til skólanámskrár FNV og almennt vilja foreldrar ekki taka meiri þátt í skólastarfinu, t.d. með aðkomu að gerð skólanámskrár. Í framhaldi af nemendakönnun skólaárið 2014-2015 var gerð sérstök könnun meðal nemenda á heimavist. Ljóst er að þjónustu mötuneytis þarf að bæta bæði hvað varðar bragðgæði og fjölbreytileika.

Stoðþjónusta- og önnur þjónusta (ekki til skoðunar skólaárið 2015-2016)

Matsspurning	Viðmið
Hversu góð er stoðþjónusta skólans? (Námsráðgjöf, umsjón, bókasafn, skrifstofa, heimasíða)	A.m.k. 85% ánægðir eða mjög ánægðir.
Hversu vel er staðið að þjónustu við fjarnemendur?	A.m.k. 75% fjarnemenda ánægðir eða mjög ánægðir.
Hversu góð er umgengni, hirsla og ræting skólans?	A.m.k. 85% ánægðir eða mjög ánægðir. Húsvörður
Hversu ánægðir eru vistarbúar með heimavist og mötuneyti?	A.m.k. 85% ánægðir eða mjög ánægðir.

Stjórnun (ekki til skoðunar 2015-2016)

Matsspurning	Viðmið
Hversu góð eru samskipti stjórnenda við annað starfsfólk?	A.m.k. 75% ánægðir eða mjög ánægðir.
Hversu vel sinna stjórnendur yfirstjórn kennslu?	A.m.k. 75% ánægðir eða mjög ánægðir.
Hversu gott er skipulag skólans?	A.m.k. 75% ánægðir eða mjög ánægðir.
Hversu vel sinna stjórnendur vexti og þróun skólans?	A.m.k. 75% ánægðir eða mjög ánægðir.
Hversu vel tekst að fá nemendur til skólans og halda í þá?	

Starfsfólk og starfsumhverfi

Matsspurning	Viðmið
Hvernig er líðan starfsfólks?	A.m.k. 90% líði vel eða mjög vel.
Hversu góður er aðbúnaður starfsfólks?	A.m.k. 75% telji aðbúnað góðan eða mjög góðan.
Hversu öruggt er starfsfólk á vinnustað?	A.m.k. 95% telji að öryggi sitt sé tryggt í starfi.

Niðurstöður eru flokkaðar eftir þáttunum Líðan, Skólinn sem vinnustaður, Starfsandi, Öryggi

Líðan	Já		Nei		Já		Nei	
	KK	KVK	KK	KVK	Kennsla	Önnur	Kennsla	Önnur
Ég fer ánægð/ur heim að loknum vinnudegi	100%	90%	-	10%	92%	100%	8%	-
Mér finnst ég njóta trausts í starfi mínu	94%	95%	6%	5%	96%	92%	4%	8%
Ég tel að starf mitt skipti töluverðu máli fyrir skólann í heild	94%	100%	6%	-	96%	100%	4%	-
Að öllu óbreyttu tel ég ólíklegt að ég muni leita að öðru starfi á næstu 24 mánuðum	82%	77%	18%	23%	79%	85%	21%	15%
Skólinn sem vinnustaður	Já		Nei		Já		Nei	
	KK	KVK	KK	KVK	Kennsla	Önnur	Kennsla	Önnur
Skólinn er góður vinnustaður	94%	91%	6%	9%	89%	100%	11%	-
Ég er ánægð/ur með vinnuaðstæður í skólanum	69%	77%	31%	23%	68%	92%	32%	8%
Sá búnaður sem snýr að starfi mínu er fullnægjandi	53%	68%	47%	32%	54%	85%	46%	15%
Starfsandi	Já		Nei		Já		Nei	
	KK	KVK	KK	KVK	Kennsla	Önnur	Kennsla	Önnur
Í skólanum ríkir samstaða um að reka góðan skóla	88%	82%	12%	18%	75%	92%	25%	8%
Í skólanum er jákvæður starfsandi	76%	77%	24%	23%	71%	92%	29%	8%
Öryggi	Já		Nei		Já		Nei	
	KK	KVK	KK	KVK	Kennsla	Önnur	Kennsla	Önnur
Ég tel öryggi gott í vinnuaðstæðum mínum	88%	86%	13%	14%	85%	92%	15%	8%
Ég hef orðið fyrir einelti á vinnustað á þessu skólaári	6%	-	94%	100%	4%	-	96%	100%
Ég veit til þess að starfsmenn hafi verið beittir einelti á þessum vinnustað á þessu skólaári	6%	5%	94%	95%	7%	76%	93%	100%

Aðbúnaður starfsfólks

Langflestir starfsmenn eru ánægðir með vinnuaðstæður sínar eða um 86% á móti 14%. Að sama skapi telja flestir að aðbúnaður þeirra í starfi sé fullnægjandi, eða 82% á móti 18%. Starfsfólki gafst kostur á að nefna hvað mætti bæta við vinnuaðstæðum þeirra og nefndu þeir m.a.:

- Óvissa um framtíð við skólann og ekki hægt að gera sér grein fyrir starfshlutfalli frá einni önn til annarrar
- Tölvubúnaður hægur
- Ekki hægt að nota USB kubba í kennslustofum
- Gagnvirkar töflur tímafrekar
- Vantar vatnsskurðarvél

Starfsfólki gafst einnig kostur á því að nefna hvað mætti bæta í aðbúnaði vegna starfa sinna og nefndu þeir m.a.:

- Búnaður fyrir dreifnámskennslu klikkar of oft. Það kemur niður á dreifnemum og hætta á að fregnir af því berist víðar.
- Búnaður þarf að vera uppsettur sem er til staðar
- Skipulag fyrir búnaðarkaup til framtíðar nauðsynleg
- Tölvur í kennslustofum eru mjög hægar og lélegar, sérstaklega á 2. hæð.
- Ætti að vera staðalbúnaður að hægt sé að hlusta á hljóð í öllum kennslustundum en það kemur fyrir að vanti hátalara eða að þeir virki ekki
- Vantar betra aðgengi að góðum vinnutölvum fyrir nemendur í loftræstu herbergi
- Vantar betri tættara í bóknámshúsi sem tekur fleiri en 1-2 blöð í einu
- Þarf að bæta vélbúnað í tré og vinnuaðstöðu á plani ásamt öðrum tækjum sem þarfnast uppfærslu/endurnýjunar

Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar

Styrkleikar felast fyrst og fremst í því að starfsfólki líður almennt vel í vinnunni, þeir fara ánægðir heim að loknum vinnudegi og telja sig njóta trausts í starfi sem og að starf þeirra skipti töluverðu máli fyrir skólann í heild sinni. Starfsfólk skólans telur skólann góðan vinnustað og að það ríki samstaða um að reka góðan skóla með jákvæðum starfsanda. Almennt telja starfsmenn sig örugga í störfum sínum. Veikleikar liggja í vinnuaðstæðum og aðbúnaði starfsmanna, sér í lagi kennara. Brugðist var við því með því að leggja fyrir sérstaka könnun sem sýndi að meirihluti starfsmanna telur vinnuaðstæður og aðbúnað fullnægjandi.

Kennsla og önnur störf kennara (ekki til skoðunar 2015-2016)

Matsspurning	Viðmið
Hvernig er skipulag og undirbúningur áfanga?	Að frágangur kennsluáætlana, verkefna, prófa og niðurstaðna prófa sé í samræmi við verklagsreglur skólans.
Hversu vel tekst kennara að skapa umhverfi lærdóms og virðingar?	A.m.k. 75% nemenda séu sammála eða mjög sammála að kennara takist það. Að niðurstaða sjálfsmats sé að það takist.
Hver eru viðhorf nemenda til kennarans og kennslu hans?	A.m.k. 75% nemenda séu ánægð með störf kennara
Hversu vel sinnir kennari starfsþróun eða þróun skóla?	Allir kennarar sinni starfsþróun og a.m.k. 75% taki virkan þátt í vinnu að þróun skólans.

Umbótaáætlun

Niðurstöður sem þarf að bregðast við	Hvernig	Hvenær	Ábyrgð framkvæmdar
Ytra skipulag tungumálaáfanga ófullnægjandi	Bæta ytra skipulag á Moodle, bæta undirbúning, kennsluáætlun og fyrirmæli kennara	Haust 2016	Deildarstjóri
Nota þarf fjölbreytari kennsluferðir, virkja nemendur til starfa í kennslustundum sem og koma námsefninu vel til skila.	Haldið námskeið um fjölbreyttar kennsluferðir og kveikjur í kennslu	Haust 2016	Aðstoðarskólameistari
Námsefni vekur ekki áhuga	Námskeið um fjölbreyttar kennsluferðir og kveikjur í kennslu	Haust 2016	Aðstoðarskólameistari
Nemendur halda ekki athygli í kennslustund	Auka vægi hópverkefna í litlum hópum		
Mikill kvíði nemenda fyrir prófum	Kortleggja kvíða meðal nemenda Halda námskeið um prófkvíða	Haust 2016	Námsráðgjafi
Bæta mötuneyti heimavistar	Samstarf við mötuneyti um bætt bragð og fjölbreytileika	Vor 2016/Lokið	Teymi um innra mat
Aðbúnaður og aðstaða starfsfólks	Könnun á vilja starfsmanna	Vor 2016/Lokið	Teymi um innra mat

Aðbúnaður og aðstaða starfsfólks	Bæta úr aðstöðu starfsmanna	Haust 2016	Skólameistari/ Aðstoðarskólameistari
----------------------------------	-----------------------------	------------	---

Lokaorð

Sjálfsmat skólaársins 2015-2016 byggir á könnunum sem lagðar voru fyrir á skólaárinu. Um er að ræða áfangakannanir tungumála, raungreina og nýrra kennara. Þátttakendur voru annars vegar 144 á haustönn og 138 á vorönn. Auk þess voru lagðar fyrir kannanir um nemendur og nám, þátttakendur í þeim könnunum voru foreldrar (N=72) og nemendur (N=111). Í framhaldi af nemendakönnun var lögð fyrir könnun meðal vistarbúa. Til viðbótar við kannanir meðal nemenda og foreldra voru lagðar fyrir tvær kannanir meðal starfsmanna, annars vegar um starfsfólk og starfsumhverfi (N=42) og aðbúnað starfsfólks (N=59).

Niðurstöður kannana benda til þess að meginþorri skólastarfsins sé á góðu róli, skóinn kreppir einna helst í ytra skipulagi áfanga, kennslustofunni og hvað varðar viðhorf nemenda til námsefnis og þá sér í lagi hvað varðar raungreinar og áfanga nýrra kennara. Talsverða óánægju mátti greina í könnun meðal vistarbúa um ýmsa þætti heimavistar en unnið var markivisst að endurbótum með vistarstjóra og rekstraraðilum mötuneytis.

Starfsfólk taldi aðbúnað sinn í starfi ekki fullnægjandi í einhverjum tilvikum og var brugðist við með því að skoða sérstaklega hvaða þætti væri um að ræða og lagt er til í umbótaáætlun að það sé bætt á haustönn 2016.